


**Félag íslenskra endurhæfingarlækna**

# **Sérnám í endurhæfingarlæknингum Marklýsing**



**2. útgáfa, október 2023**

*Pessi önnur útgáfa marklýsingar  
í endurhæfingarlækningum  
er tileinkuð minningu*

*Guðbjargar K. Ludvígsdóttur*

*endurhæfingarlæknis og kennara við læknadeild HÍ  
f. 16.júní 1970 - d. 7. ágúst 2020*

## **Efnisyfirlit**

	bls.
Formáli .....	4
Marklýsing sérnáms í endurhæfingarlækningum ....	7
- Inntaka í sérnám .....	7
- Markmið námsins .....	7
- Innihald sérnáms .....	8
- Námsskrá .....	10
- Skipulag kennslu.....	11
- Kennslustofnanir .....	11
- Þekkingaröflun .....	12
- Verkaskipting .....	13
- Mat á framvindu og frammistöðu.....	17

Fylgiskjal 1:

Marklýsing UEMS .....	21
-----------------------	----

Fylgiskjal 2:

Framvinduskrá námslæknis .....	49
--------------------------------	----

Fylgiskjal 3:

Úrdráttur úr reglugerð 856/2023.....	78
--------------------------------------	----

## **Formáli**

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á kröfum til sérnáms lækna í Evrópu. Frjálst flæði vinnuafls innan landa Evrópusambandsins (ESB/EU) og Evrópska efnahagssvæðisins (EES/EEA) hefur leitt af sér þörf fyrir samræmd viðmið um innihald og gæði námsins. Samtök evrópskra sérgreinalækna – UEMS – hafa beitt sér fyrir gerð evrópskra staðla um nám í 43 mismunandi sérgreinum læknisfræðinnar í því skyni að auðvelda læknum nám og störf í Evrópu innan ramma ESB og EES.

Í öllum löndum Evrópu eru endurhæfingarlækningar sem sérgrein, að Danmörku undanskilinni. Íslenskir læknar hafa um langt skeið sótt sér sérmenntun í endurhæfingarlækningum ýmist til Bandaríkjanna eða Evrópu og þá fyrst og fremst til Svíþjóðar og Noregs.

Heiti sérgreinarinnar er nokkuð breytilegt eftir löndum. Í Bandaríkjunum kallast hún “Physical Medicine and Rehabilitation” (PM&R), í Bretlandi „Rehabilitation Medicine“, í Svíþjóð “Rehabiliteringsmedicin“ og í Noregi “Fysikalsk medisin og rehabilitering“.

## **Sérnám á Íslandi**

Um þessar mundir eiga sér stað miklar breytingar á fyrirkomulagi framhaldsmenntunar lækna á Íslandi með auknu framboði á sérnámi hér lendis. Æ fleiri sérgreinar eru farnar að bjóða upp á fullt sérnám en í sumum sérgreinum er þó aðeins í boði hlutasérnám og þarf þá að taka hluta sérnámsins erlendis. Það gerir því kröfur um að til séu marklýsingar svo að mögulegt sé að geta metið nám milli mismunandi landa.

Með reglugerð nr. 467/2015 varð veruleg breyting á kröfum um sérnám. Í stað ákvæða um tímalengd starfa á ýmsum sérgreinadeildum er nú kveðið á um að til staðar sé marklýsing hvers sérnáms fyrir sig og lengingu lágmarkstíma náms í 5 ár í fullu sérnámi. Ný og uppfærð reglugerð nr. 856 var gefin út árið 2023. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram um marklýsingu sérnáms:

“Marklýsing skal fylgja gæðaviðmiðum um gerð marklýsinga. Þar skal meðal annars kveðið á um skipulag sérnáms, inntöku, innihald, fyrirkomulag og lengd

sérnámsins og einstakra námshluta, gæðakröfur, handleiðslu, framvindumat og færni- og hæfniviðmið.“

Frá árinu 2021 hefur verið hægt að stunda viðurkennt hlutasérnám í endurhæfingarlækningum hérlandis við góða raun. Félag íslenskra endurhæfingarlækna (FÍE) og kennsluráð sérgreinarinnar hafa rætt undanfarið um mikilvægi þess að íslenskir læknar eigi þess kost að geta stundað fullt sérnám í endurhæfingarlækningum hérlandis. Jafnframt hefur það verið áréttar að sað möguleiki liggi fyrir hendi að geta stundað hluta námsins erlendis í því skyni að öðlast breiðari sýn á verkefni endurhæfingarlækninga og kynnast endurhæfingu í stærri samfélögum. Vilji hefur verið til þess að tryggja góða menntun verðandi endurhæfingarlækna og vinna verið lögð í skilgreiningu á innihaldi náms og þekkingarkröfur. Með áðurnefndri reglugerð (Fylgiskjal 3) ásamt ítarlegum gögnum frá endurhæfingarsérgrein UEMS (Fylgiskjal 2) komu fram skýrir rammar um kröfur til sérnámsins, sem auðveldaði þessa vinnu.

Fylgiskjali 2 um marklýsingu UEMS fylgja ýmis önnur gögn sem nýst geta við skipulag náms auk um 400 bls. fræðilegs viðauka um helstu þekkingarsvið endurhæfingarlækninga. Innihald þessarar marklýsingar er víðtækt. Í henni kemur fram að útfærslan muni ávallt þurfa að taka mið af aðstæðum í hverju landi fyrir sig.

Starfshópur íslensku marklýsingarinnar skilgreinir evrópsku marklýsinguna sem grundvallarskjal sem íslenskt sérnám í endurhæfingarlækningum skuli byggja á í öllum meginatriðum, með aðlögun að íslenskum aðstæðum. Marklýsingar um sérnám í endurhæfingarlækningum frá Svíþjóð og Noregi hafa einnig verið hafðar til hliðsjónar við uppbyggingu sérnámsins.

## Þakkir

Í starfshópnum fyrir fyrstu útgáfu marklýsingarinnar voru Guðbjörg K. Ludvigsdóttir, Guðrún Karlsdóttir, Karl Kristjánsson, Ingólfur Kristjánsson og Stefán Yngvason. Vinna starfshópsins fólst m.a. í yfirferð á eldri gögnum, þýðingum og samanburði við marklýsingu UEMS og sænsku og norsku marklýsingarnar. Alma Eir Svavarsdóttir og Elínborg Bárðardóttir veittu gagnlegar upplýsingar um vinnu heimilislækna við gerð marklýsingar í heimilislækningum og aðstoð. Engilbert Sigurðsson veitti ráðgjöf við gerð

framvinduskráar sérnámslækna. Þá var leitað ráða hjá Tómasi Þór Ágústssyni og Friðbirni Sigurðssyni vegna reynslu þeirra við uppbyggingu sérnáms á Íslandi. Reyni Tómasi Geirssyni formanni Mats- og hæfisnefndar eru færðar þakkar fyrir yfirlestur, gagnlegar ábendingar og ráðgjöf. Margir fleiri hafa lagt verkefninu lið og er þeim öllum færðar þakkar.

Að endurútgáfu marklýsingarinnar árið 2023 komu Anna Lilja Gísladóttir, Guðrún Karlsdóttir, Magdalena Ásgeirsdóttir, Karl Kristjánsson, Stefán Yngvason og Ylfa Rún Óladóttir sem öll eru endurhæfingarlæknar og aðilar í kennsluráði endurhæfingarlækninga.

# Marklýsing sérnáms í endurhæfingarlækningum

## 1. Inntaka í sérnám

Tvær íslenskar endurhæfingarstofnanir hafa uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til að standa undir menntun endurhæfingarlækna; endurhæfingardeild Landspítala á Grensási og Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Að fengnu almennu lækningaleyfi og loknu sérnámsgrunnsári verður læknum gefinn kostur á að sækja um stöðu sérnámslæknis í endurhæfingarlækningum hérlandis. Í umsókninni komi fram upplýsingar um náms- og starfsferil, prófskírteini, lækningaleyfi. Er umsókn hefur borist verður umsækjandi sem uppfyllir skilyrði um ráðningu boðaður í viðtal hjá inntökunefnd. Nefndina skipa kennslustjóri sérnáms í endurhæfingarlækningum, yfirlæknir Grensásdeildar og framkvæmastjóri lækninga á Reykjalundi. Ráðning í sérnámsstöður skal fara fram í samræmi við gildandi leiðbeiningar sem tilgreindar eru í skjali á vegum Mats- og hæfisnefndar sem kallast: Almenn viðmið og leiðbeiningar vegna sérnáms í læknisfræði á Íslandi („Gullbókin“). Mat á hæfi læknis skal vera hlutlægt og byggja á frammistöðu í viðtali, fylgiskjölum og umsögnum fyrri leiðbeinenda og/eða vinnuveitenda.

## 2. Markmið námsins

Meginmarkmið námsins er að sérnámslæknirinn öðlist breiða fræðilega þekkingu, færni og reynslu til að geta starfað sjálfstætt sem sérfraðingur í endurhæfingarlækningum og í endurhæfingarteymi. Enn fremur að sérnámslæknirinn tileinki sér fagmennsku, þ.m.t. gagnrýna hugsun og sjálfsmat varðandi eigin þekkingu, eigin störf og þörf á viðhaldsnámi sem ýti undir jákvæðan og faglegan þroska. Hin hefðbundna nálgun læknisfræðinnar hefur að mestu takmarkast við líffæri, sjúkdóma og/eða áverka sem alþjóðlega sjúkdómaflokunarkerfið ICD byggir á. Sú nálgun nægir ekki ein og sér. Endurhæfingarlæknar þurfa ætíð að taka tillit til undirliggjandi sjúkdóma og/eða skaða og afleiðinga þeirra, svo og til sálfélagslegra þátta, en aðaláherslan er þó á færni og virkni einstaklingsins. Þannig byggir nálgun endurhæfingarlækninga á færnimiðuðu flokkunarkerfi WHO:

Samkvæmt þessu þurfa endurhæfingarlæknar að:

- Hafa fræðilega þekkingu á sál-, félags- og líkamlegum þáttum sem hafa áhrif á getu og takmarka þátttöku og sjálfstæði einstaklinga í samfélaginu.
- Þróa með sér færni til að miðla viðeigandi upplýsingum og hafa góð og uppbyggileg samskipti við sjúklinginn, aðstandendur, meðferðarteymi og annað samstarfsfólk. Markmiðið er að allir hlutaðeigendur séu samstíga í þeirri nálgun og að þarfir og væntingar sjúklingsins séu í fyrirrúmi.
- Stunda einstaklingsmiðaða klíníska nálgun með áherslu á mat, áætlun og fræðslu í náinni samvinnu við teymi.
- Sérnámslæknirinn þarf að tileinka sér gagnrýna þekkingaröflun og hafa þekkingu á gæða- og vísindastarfi .

### **3. Innihald sérnáms**

Fullt sérnám í endurhæfingarlækningum hérlendis er að lágmarki 60 mánuðir eða 5 ár. Gert er ráð fyrir að meginhluti námsins fari fram á endurhæfingardeildum og minni hluti í öðrum sérgreinum sem nýtast í náminu með hliðsjón af marklýsingunni og í samráði við sérnámshandleiðara, kennslustjóra og kennsluráð.

Markmiðið er að sérnámslæknir fái sem fjölbreyttasta mynd af starfi á endurhæfingardeild Landspítala á Grensási og Reykjalundi endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Námslæknir sem hyggur á fullt sérnám hérlendis þarf að vera að lágmarki eitt ár á hvorri stofnun. Skilyrði er að uppfylla viss námsmarkmið og þarf sérnámslæknir að halda nákvæma framvinduskráningu um sérnámsverkefni, fræðslu sem námslæknirinn tekur þátt í eða tileinkar sér með öðrum hætti, klínískar prófanir/próf/matsferli, svo og um framþróun sína hvað varðar reynslu og þekkingu (klíníska og fræðilega), í samræmi við

---

<sup>1</sup> <https://www.who.int/classifications/icf/en/>

framvinduskrá marklýsingar. Æskilegt er að taka hluta sérnámsins erlendis til að tryggja það að allir þættir marklýsingarinnar séu uppfylltir. Viðmiðunartími fyrir þetta starfsnám eru sex mánuðir. Er það skipulagt í samráði við sérnámshandleiðara, kennslustjóra og kennsluráð.

Gert er ráð fyrir að á fyrstu tveimur árum sérnámsins kynnist námslæknir grunnatriðum endurhæfingarlækninga á Grensási og Reykjalundi. Á þessum tíma vinnur sérnámslæknirinn í nánu samstarfi við sinn klíniska handleiðara.

Eftir það tímabil eykst ábyrgð á meðferð og eftirfylgd sjúklinga jafnt og þétt eftir því sem reynsla og hæfni námslæknis eykst, samhliða því sem leitast er við að verða við óskum námslækna um aukna sérhæfingu með hliðsjón af áhugasviði. Á þessum árum eru námslæknar sérstaklega hvattir til þátttöku í rannsóknarvinnu og gæðaverkefnum. Þetta tímabil er einnig nýtt til starfa á öðrum sérsviðum læknisfræðinnar með það að leiðarljósi að uppfylla grunnskilyrði námsskrár sérnáms í endurhæfingarlækningum.

Síðasta hluta sérnámsins starfar sérnámslæknirinn á viðurkenndri endurhæfingardeild hérlendis í að minnsta kosti sex mánuði. Staðsetning og tímalengd þessa tímabils er ákveðin í samráði við sérnámshandleiðara og kennslustjóra. Þennan tíma starfar sérnámslæknirinn að miklu leyti sjálfstætt með klínískan handleiðara sér innan handar. Leiðir námslæknirinn þá gjarnan eigið teymi á deild í samvinnu við viðkomandi yfirlækni og tekur gjarnan þátt í kennslu yngri námslækna og læknanema.

Lagt er til grundvallar:

„European Training Requirements for the Specialty of Physical and Rehabilitation Medicine - European Standards of Postgraduate Medical Specialist Training“ sem gefið var út af European Union of Medical Specialists (UEMS) árið 2022<sup>2</sup>, almennar leiðbeiningar landlæknis um góða starfshætti lækna.<sup>3</sup> og Gullbókin - Almenn viðmið og leiðbeiningar vegna sérnáms í læknisfræði á Íslandi.

---

<sup>2</sup>[https://www.uems.eu/\\_data/assets/pdf\\_file/0020/165080/UEMS-2023.13-European-Training-Requirements-in-Physical-and-Rehabilitation-Medicine.pdf](https://www.uems.eu/_data/assets/pdf_file/0020/165080/UEMS-2023.13-European-Training-Requirements-in-Physical-and-Rehabilitation-Medicine.pdf)

<sup>3</sup><https://www.landlaeknir.is>

### **a. Fræðigrunnur**

Endurhæfingarlækningar er sérgrein innan læknisfræðinnar sem felur í sér beitingu þekkingar á afleiðingum heilsubrests, forvörnum, greiningu, meðferð og endurhæfingu einstaklinga á öllum aldri. Tilgangur endurhæfingarlækninga er að stuðla að betri líkamlegri, andlegri og félagslegri getu sjúklingsins og auka þannig félagslega þátttöku, bæta lífsgæði og vinna með persónulega þætti og umhverfi.

### **b. Reynsla og klínísk hæfni**

Í náminu þarf námslæknirinn að kynnast færniskerðingu í víðum skilningi og á eins heildstæðan hátt og unnt er. Þetta krefst handleiðslu og leiðsagnar margra leiðbeinenda. Ráðlagt er að þjálfunin fari fram á mismunandi endurhæfingarstofnunum og öðrum tengdum sviðum svo reynsla námslæknisins verði sem víðtækust.

### **c. Fagmennska**

Endurhæfingarlækningar byggja á markmiðsmiðaðri teymisvinnu þar sem sjúklingurinn er í forgrunni. Endurhæfingin miðar að því að sjúklingurinn nái sem bestri færni og lífsgæðum, koma í veg fyrir fylgikvilla eða draga úr þeim og auka félagslega þátttöku. Þess vegna þurfa endurhæfingarlæknar ekki eingöngu að þróa með sér læknisfræðilega kunnáttu og meðferð, heldur einnig sálfélagslega þekkingu og samskiptafærni. Jafnframt þarf læknirinn að hafa skilning á helstu grunnþáttum læknisfræðilegrar siðfræði og lýðheilsu og geta sinnt lækningum og forvörnum hjá ófötluðum jafnt og fötluðum einstaklingum. Enn fremur að þekkja leiðir til þess að hjálpa fötluðu fólk við að bæta samfélagslega virkni sína og finna hæfileikum sínum og getu sem bestan farveg. Sérfræðilæknir þarf að geta notað grunnþætti gæðastýringar og sinna viðhaldsmenntun sinni og samstarfsfólks síns. Sem leiðtogi þverfaglegs endurhæfingarteymis þarf sérfræðilæknir að geta sýnt stjórnunarhæfileika, vera meðvitaður um boðleiðir í heilbrigðis- og félagslegum kerfum, þekkja og nota gagnreynda læknisfræði og hafa í huga tilkostnað miðað við ávinning.

## **4. Námsskrá í endurhæfingarlækningum**

Hvað varðar innihald námsskrár er vísað í evrópsku marklýsinguna í fylgiskjali 1 og framvinduskrá í fylgiskjali 2.<sup>4</sup>

## **5. Skipulag kennslu**

Skipulögð fræðsludagskrá er til staðar fyrir alla sérnámslækna í endurhæfingarlækningum þar sem farið er yfir helstu þætti sérnámsins. Gert er ráð fyrir um það bil hálfum degi á viku í fræðslu bæði á haustönn og vorönn að sumarmánuðunum undanskildum. Fræðslan fer fram í formi fyrirlestra, umræðna, vettvangsferða, greinarfunda og hópvinnu. Sérfræðilæknar, sérnámslæknar og aðrir fagaðilar halda fyrirlestra, stýra og taka þátt í umræðum en kennslustjóri hefur yfirumsjón með fræðsludagskránni. Dagskráin er endurtekin á tveggja til þriggja ára fresti með það að leiðarljósi að sérnámslæknar fái tækifæri til að kynnast hinum ýmsu hliðum endurhæfingarlækninga á fyrra og síðara stigi sérnámsins. Reynt verður að samkeyra hluta kennslunnar með sérnámslæknum í öðrum sérgreinum eftir því sem við á hverju sinni. Mætingarskylda er í fræðsluna. Auk þessa taka sérnámslæknar virkan þátt í sameiginlegum fræðslufundum lækna á Grensási og Reykjalandi.

## **6. Kennslustofnanir**

Þær endurhæfingarstofnanir sem metnar eru hæfar sem kennslustofnanir af mats- og hæfisnefnd og munu sjá um að kröfum marklýsingarinnar og íslensku reglugerðarinnar sé fylgt eru:

1. Endurhæfingardeild Landspítala á Grensási, Reykjavík.
2. Reykjalundur endurhæfing ehf., Mosfellsbæ.

Stærsti hluti sérnámsins fer fram á þessum tveimur stofnunum en einnig er skylda að vera í starfsnámi á öðrum deildum þar sem markmiðið er að auka

---

<sup>4</sup> [https://www.uems.eu/\\_data/assets/pdf\\_file/0010/64396/UEMS-2018.15-Council-Marrakesh-European-Training-Requirement-PRM-specialty.pdf](https://www.uems.eu/_data/assets/pdf_file/0010/64396/UEMS-2018.15-Council-Marrakesh-European-Training-Requirement-PRM-specialty.pdf)

þekkingu sérnámslæknisins á sviðum geðlæknisfræði, lyflæknisfræði og taugalækningum. Þar fyrir utan finnst svigrúm í sérnáminu fyrir starfsnám á öðrum sviðum bæði hérlandis sem og erlendis sem skipulagt er í samráði við sérnámshandleiðara, kennslustjóra og kennsluráð. Markmiðið með því valtímabili er að uppfylla þá þætti marklýsingarinnar sem ekki hefur verið talinn möguleiki á að tileinka sér á þeim sviðum sem nefnd eru hér að ofan og/eða út frá óskum og áhugasviði hvers sérnámslæknis fyrir sig. Svo dæmi séu tekin gæti hluti þessa tímabils verið erlendis á sérhæfðri endurhæfingardeild eða hérlandis á bæklunarskurðdeild, heila- og taugaskurðdeild, röntgendeild og/eða taugarannsókn. Miða skal við að slík námsvist skuli hefjast á fyrsta mánudegi nýs mánaðar og ef það er frídagur þá næsta virka dag þar á eftir.

Æskilegt er að fljótlega eftir að sérnám hefst sé sett upp tímaplan fyrir allt sérnámið og á hvaða sviðum sérnámslæknir starfar hverju sinni sem námslæknir gerir í samráði við sérnámshandleiðara og kennslustjóra.

## 7. Þekkingaröflun

Kennslustofnunum ber að hafa aðgengilegar nýjar fagbækur á nauðsynlegum sviðum og opinn rafrænan aðgang að viðeigandi fræðiritum og vefsvæðum sem sérnámslæknirinn getur nýtt sér. Handleiðrarar, kennslustjóri og kennsluráð sjá um að kynna sér hvað er í boði á erlendum og innlendum veitum og kynna það fyrir sérnámslæknum.

Hver sérnámslæknir hefur sérnámshandleiðara sem fylgir honum í gegnum námstímann á Íslandi. Handleiðarinna þarf að hafa kynnt sér handleiðsluferli á viðeigandi innlendu eða erlendu námskeiði og viðhalda þeirri þekkingu. Hver sérnámshandleiðari skal helst aðeins hafa einn sérnámslækni í handleiðslu. Aðrir sérfræðilæknar á hverri deild (klínískir handleiðrarar) bera einnig ábyrgð gagnvart sérnáminu og þar með sérnámslæknum. Sérnámshandleiðrarar eiga hins vegar að sjá til þess að námsmarkmiðum sé náð.

Sérnámslæknir skal nýta sér kjarasamningsbundin námsleyfi til að sækja ráðstefnur eða námskeið hérlandis og/eða erlendis með það markmiði að kynna sér betur ákveðna þætti námskrár sérnámsins. Stefnt skal að því að nýta sem flest fræðslutækifæri sem gefast innanlands sem viðbót við erlend

námskeið. Mikilvægt er að kennslustofnanir gefi námslæknum svigrúm til að sinna þessum hluta þekkingaröflunar. Æskilegt er að val á ráðstefnum og námskeiðum skuli vera gert í samráði við sérnámshandleiðara og kennslustjóra.

## 8. Verkaskipting

### a. Inntökunefnd

Nefndina skipa:

- Kennslustjóri sérnáms í endurhæfingarlækningum
- Yfirlæknir endurhæfingarlækninga á Grensásdeild
- Framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi

### b. Sérnámslæknir

- Ber ábyrgð á eigin námi og leggur sig fram við að afla sér víðtækrar þekkingar og hæfni á öllum sviðum endurhæfingar.
- Með undirritun sérnámssamnings undirgengst sérnámslæknir að fylgja bæði almennum reglum og tilmælum um sérnám, reglum vinnustaðarins fyrir sérnámslækna og sértækum ákvæðum sem fylgja námi í viðkomandi sérgrein.
- Í náminu tekur sérnámslæknirinn mið af marklýsingu, heldur framvinduskrá og ber ábyrgð á að uppfylla lágmarkskröfur um fjölda matsblaða á hverri starfseiningu fyrir sig.
- Ætlast er til þess að námslæknir mæti í skipulagða fræðsludagskrá sérnámslækna og skipulagða fræðslufundi á vegum endurhæfingarlækna.
- Sérnámslæknir heldur sjálfur a.m.k. tvö fræðsluerindi á hverju ári um óskyld efni sérgreinarinnar.
- Ef áhugaverð málþing eða fundir eru í boði skal vinnuveitandi (teymisstjóri þar sem sérnámslæknirinn er hverju sinni) með aðstoð kennslustjóra reyna eftir bestu getu að hliðra til á vinnustað þannig að sérnámslæknir geti tekið þátt.

- Óski sérnámslæknir eftir að taka hluta af námi erlendis þarf með aðstoð sérnámshandleiðara og kennslustjóra að athuga hvort það sé mögulegt og þá að finna út hvaða staðir henti og hvernig best sé að því staðið. Æskilegt er að þetta liggi fyrir fljótlega eftir að sérnám hefst.
- Sérnámslæknir tekur þátt í fræðslu læknanema, sérnámsgrunnslækna og annarra sem eru í fagnámi á Grensásdeild og Reykjalundi.
- Sérnámslæknir sér um sína sjúklinga með vaxandi ábyrgð undir leiðsögn ábyrgs sérfræðilæknis. Í því felst innlagnarskrá með viðeigandi upplýsingum, skoðun, vandamálaskrá og endurhæfingaráætlun.
- Sérnámslæknir situr teymis-, markmiðs- og fjölskyldufundi og fylgir eftir þeim málum sem þar koma fram.
- Sérnámslæknir situr í fagteymi hverrar deildar og tekur þátt í þróunarvinnu starfseminnar.
- Sérnámslæknir er hvattur til þáttöku í gæða- og umbótaverkefnum sérgreinarinnar á meðan þeir eru í sínu sérnámi.
- Sérnámslæknir er hvattur til þáttöku í vísindarannsóknum á sviði endurhæfingarlækninga eftir því sem kostur gefst.
- Sérnámslæknir skal ná færni í að lesa og meta vísindagreinar og rannsóknarniðurstöður og tileinka sér í starfi.

c. **Sérnámshandleiðari** (e. educational supervisor)

- Hver sérnámslæknir hefur einn megin handleiðara sem kallast sérnámshandleiðari.
- Þarf að vera með sérfræðiviðurkenningu í endurhæfingarlækningum og hefur fengið viðeigandi þjálfun í handleiðslu (e. train the trainers).
- Hefur kynnt sér sérnám, matsaðferðir, eftirlit með sérnámi og endurgjöf til námslækna.
- Á að tryggja að sérnámslæknir hafi í hverjum námsáfanga náð tilsettri þekkingu og færni.
- Metur frammistöðu sérnámslæknis í samræmi við framvinduskrá, sjá *kafla um mat á framgangi náms*.
- Er til staðar fyrir sérnámslækninn og leiðbeinir námslækninum í gegnum námið og hvetur til sjálfstæðra vinnubragða, gæða- og vísindavinnu.

- Sérnámshandleiðari hittir sérnámslækni reglulega í gegnum allt sérnámið og fer yfir námsframgang, matsblöð, þekkingaröflun, samskipti við samstarfsaðila, hugmyndir varðandi gæða- og/eða rannsóknarvinnu o.fl.
- Námslæknir á að geta leitað til sérnámshandleiðara síns varðandi allt sem upp getur komið meðan á námi stendur.
- Sérnámshandleiðara ber að fara yfir bæði styrkleika sérnámslæknis sem og þá þætti sem betur mættu fara í þeim tilgangi að styrkja sérnámslækninn í starfi og sjá til þess að fagleg þekking, hæfni og geta verði sem best miðað við hvern áfanga í sérnáminu.
- Ef samstarfsörðugleikar koma upp á milli námslæknis og handleiðara skal leitað til kennslustjóra sem metur stöðuna og úthlutar námslækni öðrum sérnámshandleiðara ef þörf er á.

**d. Klínískur handleiðari (e. clinical supervisor)**

- Klínískur handleiðari er hver sá sérfræðilæknir sem vinnur með námslækninum á hverri starfstöð fyrir sig. Ef sérnámslæknir er á starfsstöð sérnámshandleiðarans má þetta vera sami aðili, en annars annar aðili sem vinnur á viðkomandi starfsstöð.
- Handleiðarinn þarf að hafa þekkingu á marklýsingunni, og á færni- og námsmarkmiðunum miðað við stig í sérnáminu og geta lagt mat á færni og þekkingu.
- Klínískur handleiðari kemur endurgjöf um sérnámslækninn til sérnámshandleiðarans.

**e. Kennslustjóri (e. programme director)**

- Stýrir sérnámi lækna í endurhæfingarlækningum og skipuleggur námsferil þeirra í samvinnu við kennsluráð og framhaldsmenntunarráð.
- Sér um að skipuleggja fræðslufundi og dagskrá og ber ábyrgð á að námslæknar fái þau námstækifæri sem þarf til að uppfylla efnisatriði marklýsingarinnar.
- Úthlutar sérnámslækni sérnámshandleiðara og hvetur klíníska handleiðara til virkrar aðkomu að sérnáminu.

- Sér um reglubundið matsferli sérnámslækna, þ.m.t. árlegt framvindumat (e. ARCP, Annual Review of Competency Progression), að gögnum um námið sé safnað jafnóðum og þau yfirfarin sameiginlega af sérnámslækni og sérnámshandleiðara, sem skulu hittast reglubundið og hæfilega oft til að báðir hafi yfirsýn yfir framvindu sérnámsins.
- Kennslustjóri í samráði við sérnámslækni, sérnámshandleiðara, kennsluráð og framvindumatsnefnd meta að námi loknu hvort sérnámslæknir hafi lokið sérnámi og náð öllum færni- og þekkingarkröfum samkvæmt marklýsingu.
- Ef sérnámslæknir uppfyllir ekki þær kröfur sem settar eru þá ber kennslustjóra og sérnámshandleiðara að grípa inn í tímanlega. Veita skal námslækni viðeigandi stuðning og leiðsögn, en ef frammistaða breytist ekki til hins betra á tilskildum tíma skal meta hvort vísa eigi viðkomandi sérnámslækni úr námi.
- Byggir upp góð samskipti við erlendar kennslustofnanir í endurhæfingu og skipuleggur í samstarfi við þær námstækifæri sérnámslækna erlendis.
- Miðlar upplýsingum um sérnámið og framvindu þess til framhaldsmenntunarráðs og er í samskiptum við úttektaraðila, bæði erlenda aðila og mats- og hæfisnefnd skv. 15 gr. reglugerðar nr. 467/2015, eins og þarf hverju sinni.
- Kennslustjóri skal fá aðgang að ritara til að aðstoða við daglega umsýslu námsins.

#### f. Kennsluráð (e. training programme committee)

Kennslustjóri sérgreinarinnar hefur kennsluráð sér til fulltingis þar sem fulltrúar eru valdir úr hópi handleiðara, viðeigandi yfirlækna, akademískra starfsmanna fræðasviðs sérgreinarinnar og sérnámslækna. Eftir þörfum er hægt að óska eftir fulltrúum annarra fagstéttu. Í kennsluráði skal fjallað með reglubundnum hætti um atriði er varða skipulag sérnámsins og framvindu þess, og fundargerðir haldnar. Kennslustjóri er formaður og sér um skipan í kennsluráð sérgreinarinnar eftir samráð við samstarfsfólk.

## **9. Mat á framvindu og frammistöðu**

### **a. Framvinduskrá**

Sérnámslæknir þarf að halda ítarlega framvinduskrá í gegnum allt sérnámið byggt á „Fylgiskjali 2“. Framvinduskrá gefur námslækni yfirsýn yfir þá fagþekkingu, færni og getu sem námslæknirinn þarf að tileinka sér og hvaða námsþættir það eru sem á eftir að ná betri tökum á. Sérnámslæknir fer yfir skrána ásamt sérnámshandleiðara sínum á reglubundnum fundum þeirra.

Einnig eru notuð ákveðin matsblöð til að meta frammistöðu sérnámslækna sem geymd eru rafrænt í „NHS ePortfolios“. Sérnámslæknirinn sjálfur sem og handleiðrarar og kennslustjóri hafa aðgang að því kerfi og þeim upplýsingum sem það eru að finna. Gerð er krafa um lágmarksfjölda matsblaða á hverjum námsstað fyrir sig í gegnum allt sérnámið. Nánari útlistun á lágmarksfjölda matsblaða má sjá í viðauka fyrir hvern námsstað fyrir sig.

Skráning á frammistöðu er meðal annars gerð með markvissum samræðum við handleiðara um sjúkratilfelli og aðstæður sem sérnámslæknir þarf að læra um á vinnustað (e. case-based discussion, CbD), við mat á klíniskri hæfni (e. clinical evaluation exercise, mini-CEX), stöðluðum aðferðum sem meta hæfni/getu til verklegra starfa (e. direct observation of procedural skills, DOPS), endurgjöf frá handleiðurunum (e. Multiple Consultant Report, MCR) og samstarfsfólki með þverfaglegu mati (e. multi-source feedback, MSF).

Árlega þarf sérnámslæknir einnig að svara spurningum á formlegu matsblaði varðandi eigin styrkleika og veikleika, kosti og galla námsins og hvert viðkomandi stefnir. Framvinduskráin ásamt matsblöðum eru lögð til grundvallar í mati á framgangi í árlegu framvindumati (e. ARCP, *Annual Review of Competency Progression*).

### **b) Almenn handleiðsla**

Handleiðsla skal vera um það bil einu sinni í mánuði, 45-60 mínútur í senn, hjá sérnámshandleiðara sem fylgir námslækni gegnum allt sérnámið. Handleiðslan snýst um færni og getu í starfi, þekkingaröflun, samskipti við sjúklinga og starfsfólk, og handleiðslu tengda greiningu og endurhæfingu sjúklinga sem

sérnámslæknirinn sinnir. Einnig er handleiðslan vettvangur til að ræða starfsþróun, möguleika á sérhæfingu og rannsóknum, gæðaverkefnum, þróun þjónustu og sérnáms og fara yfir þau vandamál sem upp kunna að koma í starfi. Sérnámshandleiðari ræðir eða fer að minnsta kosti mánaðarlega yfir skráningu í framvinduskrá námslæknis.

#### c) Klínísk handleiðsla

Handleiðsla og ráðgjöf hjá sérfræðingi eða yfirlækni á þeirri deild sem námslæknir starfar á hverju sinni. Þessi handleiðsla snýst einkum um daglega klíníkska vinnu. Handleiðslan fer fram jafnóðum í starfi með ýmsum hætti, t.d. með beinum samtölum þar sem rætt er um ákveðin tilfelli, fylgst er með afmörkuðum störfum námslæknis og/eða lesið yfir og rætt skráð sjúkragögn námslæknis.

Æskilegt er að allir sérfræðingar sem taka að sér handleiðslu námslæknis hafi tekið þátt í námskeiði á vegum framhaldsmenntunarráðs Landspítala um markvissa handleiðslu í sérnámi og/eða námskeið á vegum Royal College of Physicians.

#### d) Klínískt próf

Ekki er gerð krafa um að hafa staðist nokkurt klínískt próf til að geta lokið fullu sérnámi í endurhæfingarlækningum hérlendis. Á síðari hluta sérnámsins eru námslæknarnir þó eindregið hvattir til að þreyta skriflegt próf á vegum Evrópusamtaka endurhæfingarlækna sem eru aðilar að UEMS.

Sá möguleiki er í skoðun að bjóða upp á klínískt próf fyrir sérnámslækna í endurhæfingarlækningum hérlendis. Prófið myndi þá skiptast í fjórar mismunandi stöðvar þar sem á hverri stöð væri lagt fyrir sjúkratilfelli og spurt fyrir fram skilgreindra spurninga í tengslum við greiningu vanda og endurhæfingu. Einkunnagjöf er einföld: Framúrskarandi, fullnægjandi eða ófullnægjandi.

#### e) Árlegt framvindumat (e. annual review of competency progression, ARCP)

Í lok hvers námsárs fer fram formlegt mat á framgangi námsins þar sem farið er yfir stöðu og framvindu sérnámsins hjá viðkomandi námslækni. Til grundvallar eru lagðir þeir þættir sem taldir eru upp hér að ofan í kaflanum um mat á

framvindu og frammistöðu. Styrkleikar námslæknis eru skoðaðir ásamt því sem betur mætti fara. Væntingar eru ræddar og lögð skrifleg áætlun um næstu skref í námi og starfsþjálfun. Um ítarlegri framkvæmd framvindumatsins er vísað í „Gullbókina“ um almenn viðmið og leiðbeiningar vegna sérnáms í læknisfræði á Íslandi.

## f) Ófullnægjandi námsframvinda

a) **Námsframvinda, samvinna og mannleg samskipti:** Teymisvinna er ein af grunnstoðum í endurhæfingu. Sérnámslæknirinn vinnur því náið bæði með öðrum fagstéttum, en einnig með leiðbeinandi endurhæfingarlæknum. Það ætti því fljótlega að koma í ljós, ekki síðar en á árlegum matsfundum, ef einhverjir vankantar eru á starfsháttum eða námsframvindu viðkomandi læknis. Ef sú staða kemur upp að námslæknirinn stendur ekki undir þeim kröfum og væntingum sem gerðar eru þá þarf að grípa inn í sem fyrst. Mikilvægt er að fara yfir stöðu mála með sérnámslækninum og gefa viðkomandi tækifæri til að bæta sig. Þetta er gert með þéttu utanumhaldi, vikulegum fundum með skýrum markmiðum og eftirfylgni. Einnig má skoða stuðning í klínísku starfi, tímabundnar breytingar á starfsskyldum læknisins, aukinni eða breyttri handleiðslu og viðtölum við handleiðara og/eða kennslustjóra. Gefa þarf námslækninum rúm og tíma til að bæta sig. Mikilvægt er að setja tímamörk og fylgja þeim eftir.

### b) Alvarleg atvik

Ef upp koma atvik tengd sérnámslækni sem taka þarf á eru sérnámshandleiðari, kennslustjóri, kennsluráð, yfirlæknir og/eða framkvæmdastjóri lækninga upplýstir um það. Það fer síðan eftir alvarleika atviksins/málsins til hvaða úrlausna er gripið. Flest mál eru leyst hjá handleiðara, en í erfiðari eða alvarlegri málum koma aðrir aðilar einnig að málum. Sem dæmi um íhlutanir má nefna aukna handleiðslu, aukinn stuðning í daglegu starfi og viðtöl við kennslustjóra. Lenging á námstíma eða brottvísun úr námi kemur til álita ef allar aðrar leiðir eru ófærar.

### c) Fjarvera

Fjarvistir úr sérnáminu aðrar en námsleyfi og orlof geta haft áhrif á framgöngu í sérnáminu. Ef námslæknir hefur verið fjarverandi í meira en 14 vinnudaga á 12 mánaða tímabili þarf að skoða það sérstaklega með tilliti til mögulegrar framlengingar á námstíma. Einnig er gerð krafa um mætingarskyldu í fræðslu (að lágmarki 80%).

### g) Sérfræðiréttindi í endurhæfingarlækningum

Samvkæmt reglugerð nr. 856/2023 um skilyrði til að hljóta sérfræðileyfi tekur nám til sérfræðiréttinda í endurhæfingarlækningum minnst 5 ár (60 mánuðir). Til að læknir geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skv. 2. mgr. 3. gr. skal hann uppfylla eftirtaldar kröfur:

- Hafa lokið embættisprófi í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands skv. 4. gr. eða hafa lokið sambærilegu námi erlendis,
- Hafa hlotið lækningaleyfi hér á landi skv. 3. gr.,
- Geta framvísað námslokavottorði sem staðfestir að læknir hafi lokið viðurkenndu sérnámi, að meðtöldum sérnámsgrunni, eða sambærilegu vottorði um þjálfun í öðru ríki, og tileinkað sér þá hæfni, færni og þekkingu sem krafist er fyrir viðkomandi sérgrein skv. 6., 19. og 21. gr. og
- Æskilegt er að námslæknar í sérnámi í endurhæfingarlækningum hérlendis afli sér reynslu og þekkingar erlendis til að tryggja að allir þættir marklýsingarinnar séu uppfylltir. Ef meginhluti námstímans er hérlendis er farið eftir íslensku marklýsingunni við mat á náminu. Ef meginhlutinn fer fram erlendis eru það skilyrðin fyrir sérfræðiviðurkenningu í viðkomandi landi sem gilda.

# Fylgiskjal 1

**Training Requirements for the Specialty of Physical and Rehabilitation Medicine**

**European Standards of Postgraduate Medical Specialist Training**


**First Update - 2022**

Heildarskjal UEMS má finna hér:

[https://www.uems.eu/\\_data/assets/pdf\\_file/0020/165080/UEMS-2023.13-European-Training-Requirements-in-Physical-and-Rehabilitation-Medicine.pdf](https://www.uems.eu/_data/assets/pdf_file/0020/165080/UEMS-2023.13-European-Training-Requirements-in-Physical-and-Rehabilitation-Medicine.pdf)

Sjá ennfremur:

**The Field of Competence of Physical and Rehabilitation Physicians I &II**



**HYPERLINK**  
["https://www.srrm.ro/upload/docs/1412](https://www.srrm.ro/upload/docs/1412)

**HYPERLINK**  
["https://www.euro-prm.org/docs/FoC\\_](https://www.euro-prm.org/docs/FoC_)

## **EUROPEAN UNION OF MEDICAL SPECIALISTS**

**International non-profit organisation**

**UEMS 2018.15**

### **Training Requirements for the Specialty of Physical and Rehabilitation Medicine European Standards of Postgraduate Medical Specialist Training**

#### **Preamble**

The UEMS is a non-governmental organisation representing national associations of medical specialists at the European Level. With a current membership of 35 national associations and operating through 39 Specialist Sections and European Boards, the UEMS is committed to promote the free movement of medical specialists across Europe while ensuring the highest level of training which will pave the way to the improvement of quality of care for the benefit of all European citizens. The UEMS areas of expertise notably encompass Continuing Medical Education, Post Graduate Training and Quality Assurance.

It is the UEMS' conviction that the quality of medical care and expertise is directly linked to the quality of training provided to the medical professionals. Therefore the UEMS committed itself to contribute to the improvement of medical training at the European level through the development of European Standards in the different medical disciplines. No matter where doctors are trained, they should have at least the same core competencies.

In 1994, the UEMS adopted its Charter on Post Graduate Training aiming at providing the recommendations at the European level for good medical training. Made up of six chapters, this Charter set the basis for the European approach in the field of Post Graduate Training. With five chapters being common to all specialties, this Charter provided a sixth chapter, known as "Chapter 6", that each Specialist Section was to complete according to the specific needs of their discipline.

More than a decade after the introduction of this Charter, the UEMS Specialist Sections and European Boards have continued working on developing these European Standards in Medical training that reflects modern medical practice and current scientific findings. In doing so, the UEMS Specialist Sections and European Boards did not aimed to supersede the National Authorities'

competence in defining the content of postgraduate training in their own State but rather to complement these and ensure that high quality training is provided across Europe.

At the European level, the legal mechanism ensuring the free movement of doctors through the recognition of their qualifications was established back in the 1970s by the European Union. Sectoral Directives were adopted and one Directive addressed specifically the issue of medical Training at the European level. However, in 2005, the European Commission proposed to the European Parliament and Council to have a unique legal framework for the recognition of the Professional Qualifications to facilitate and improve the mobility of all workers throughout Europe.

This Directive 2005/36/EC established the mechanism of automatic mutual recognition of qualifications for medical doctors according to training requirements within all Member States; this is based on the length of training in the Specialty and the title of qualification.

Given the long-standing experience of UEMS Specialist Sections and European Boards on the one hand and the European legal framework enabling Medical Specialists and Trainees to move from one country to another on the other hand, the UEMS is uniquely in position to provide specialty-based recommendations. The UEMS values professional competence as “*the habitual and judicious use of communication, knowledge, technical skills, clinical reasoning, emotions, values, and reflection in daily practice for the benefit of the individual and community being served*”<sup>1</sup>. While professional activity is regulated by national law in EU Member States, it is the UEMS understanding that it has to comply with International treaties and UN declarations on Human Rights as well as the WMA International Code of Medical Ethics.

This document derives from the previous Chapter 6 of the Training Charter and provides definitions of specialist competencies and procedures as well as how to document and assess them. For the sake of transparency and coherence, it has been renamed as “Training Requirements for the Specialty of X”. This document aims to provide the basic Training Requirements for each specialty and should be regularly updated by UEMS Specialist Sections and European Boards to reflect scientific and medical progress. The three-part structure of this documents reflects the UEMS approach to have a coherent pragmatic

document not only for medical specialists but also for decision-makers at the National and European level interested in knowing more about medical specialist training.

<sup>1</sup> Defining and Assessing Professional Competence, Dr Ronald M. Epstein and Dr Edward M. Houdert, Journal of American Medical Association, January 9, 2002, Vol 287 No 2

## **Introduction**

The scope and competencies of PRM specialty are best described starting from its definition as the “medicine of functioning” responsible of the rehabilitative strategy to be applied together with the curative strategy for the best recovery of patients’ participation; according to the complexity of the health condition, PRM also refers to prevention and maintenance, as well as to rehabilitation training for other health professionals and to management of patients and caregivers. PRM physicians are hence responsible for the planning of the rehabilitation process according to the so-called rehabilitation cycle: all patients require an assessment with definition of their individual goal(s) before providing the intervention(s); finally an evaluation will be performed to check if the patient has achieved all what is needed, or if it is necessary to start again the rehabilitation cycle.

Under the perspective of a disease-centred approach, PRM specialists must develop progressive responsibility in diagnosing, assessing, and managing people of all ages suffering from (or at risk of) activity limitation / participation restriction following any disease condition. Given such premises, the transversal role of PRM across most of the medical specialties is clear, but the overlap is only apparent, since the focus of PRM is rehabilitation. For instance, diagnosis in PRM is the interaction between the classical medical diagnosis (that uses all the typical tools of the profession) and the PRM specific functional assessment, based on the ICF conceptual framework, and obtained through functional evaluations and clinical scales.

Interventions in PRM are provided directly by PRM physicians or indirectly through the PRM team under the leadership of PMR physicians. The multi-professional PRM team is the preferential way by which PRM physicians provide treatments, particularly in the most complex rehabilitation settings; the team works using an interdisciplinary methodology, under the responsibility of PRM physician. The outcomes of PRM interventions and

programs are measured both at the function level, as decreased impairments in body functions, and at the person level, as decreased activity limitations/participation restrictions; moreover, decreases in mortality, morbidity and complication rates as well as costs for hospital and community care are also outcomes of rehabilitation provision.

Specialists in PRM have a holistic approach to people with acute and chronic conditions, examples of which are musculoskeletal and neurological disorders, amputations, pelvic organ dysfunction, cardiorespiratory insufficiency and the disability due to chronic pain and cancer among many others. PRM specialists work in various facilities from acute care units to community settings. They use specific diagnostic assessment tools and carry out treatments including pharmacological, physical, technical, educational and vocational interventions. Because of their comprehensive training, they are best placed to be responsible for the activities of multi-professional teams in order to achieve optimal outcomes.

In summary, the medical specialty of Physical and Rehabilitation Medicine helps people with disabling conditions to recover maintain or develop the highest possible level of functional capacity and performance.

## **PRM in Europe**

This document sets out standards and guidelines for PRM specialist training and for approval of training programmes in the countries of the EU/EFTA and associated member states. It is recognized that there are a number of structural and operational differences in the health care systems, appointment procedures and training systems in these different countries. This document provides the basis for the development of a harmonized, comprehensive, structured and balanced training programme in PRM.

The Central Monitoring Authority of the specialty of Physical and Rehabilitation Medicine in Europe is the UEMS Section and Board of Physical and Rehabilitation Medicine which produces guidelines for training in the specialty and a training programme blueprint to be filled in with the specific aspects of the training, pertinent to the individual EU/EFTA member states and associated member states. The Section of Physical Medicine and Rehabilitation was created within the UEMS in 1971. In 1991 a European Board of Physical

Medicine and Rehabilitation was founded with the special mission to work towards harmonizing education and training in PRM in Europe. The European Board of PRM is running a European certification system including individual PRM specialists, trainers and training centers.

The UEMS PRM Board:

- holds the [\*\*European PMR Board Examination\*\*](#) annually open to candidates of the EU/EAFT member states and associate member states. The certification by examination is considered as seal of excellence without legal value but national authorities can adopt it as equivalent to or instead of their national exam or accept it as an exit exam if no national equivalent exists. The European PRM Board also provides recommendations for the requirements for training institutions and for those who are in charge of training in PRM, at a European level.
- **recommends that training institutions should have a system of visitation/external peer review**

